

## Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi  
804 Selfossi



### Boð um samráðsfund

Almenningssamgöngur á landsbyggðinni

Vegagerðin, sem ábyrgðaraðili á rekstri landsbyggðarstrætó, vinnur að endurskoðun á núverandi leiðakerfi. Markmiðið er að skoða hverja akstursleið út frá gæðum, nýtni og gagnsemi. Hluti þeirrar vinnu er að eiga samtal við hagsmunaaðila landsbyggðarstrætó og því vill deild almenningssamgangna hjá Vegagerðinni boða til fundar að ræða málefni tengdri þjónustu akstursleiða 51, 52, 72 og 73. Eftirtalin sveitarfélög munu fá fundaboð að sitja umræddan fund:

- Grímsnes- og Grafningshreppur
- Bláskógarbyggð
- Hrunamannahreppur
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur
- Ásahreppur
- Flóahreppur

Vegagerðin mun standa fyrir fundaröð til að hitta fulltrúa frá sveitarfélögum og landshlutasamtökum sem hafa hagsmuni að gæta samkvæmt núverandi leiðakerfi. Þar sem um ræðir marga fundi er mikilvægt að þeir séu markvissir og að fjöldi fundargesta sé stillt í hóf. Tveir starfsmenn frá Vegagerðinni mun sitja hvern fund og óskað er að eftirtaldir starfsmenn frá stjórnslu og menntasviði séu einnig viðstaddir:

- Bæjar/sveitastjóri
- Verkefnastjóri á sviði skipulagsmála, umhverfismála eða almenningssamgangna.
- Fulltrúi íþrótt- og tómstundastarf.

Síða 1/2

**Vegagerðin**  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær

+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Þá óskar Vegagerðin eftir að viðkomandi sveitarfélag afli upplýsinga tengdu skóla- og vinnusóknarsvæði, þ.e.:

- Hvaða breytingar á leiðarkerfinu myndu leiða til jákvæðra áhrifa fyrir samfélagið.
- Hvað þarf að koma til svo íbúapátttaka í almenningssamgöngum aukist.
- Hverjar eru framtíðaráætlanir í atvinnuuppbyggingu.

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar.  
Hulda Rós Bjarnadóttir  
Sérfræðingur almenningssamgöngur